

Samstarfssamningur framhaldsskóla á norðaustursvæði

Framhaldsskólinn á Húsavík, Framhaldsskólinn á Laugum, Menntaskólinn á Akureyri, Verkmenntaskólinn á Akureyri og Menntaskólinn á Tröllaskaga gera með sér svofellt samkomulag um samstarf framhaldsskóla á Norðurlandi eystra.

1. Markmið samstarfs skólanna eru að:
 - a) Nemendur á svæðinu eigi kost á gæðanámi sem næst sínu heimili og stoðþjónusta skólanna sinni nemendum vel.
 - b) Skólarnir séu framsæknir og sinni markvissu þróunarstarfi.
 - c) Rekstur skólanna sé í jafnvægi.
2. Samstarfsverkefni skólanna
 - a) Skólarnir upplýsa hvern annann um fyrirhugað námsframboð og stuðla, meðal annars með samstarfi um námsbrautir, að fjölbreyttu námsframboði. Til að tryggja þetta sem best verða reglulegir fundir stjórnenda.
 - b) Skólarnir eiga með sér samstarf um stoðþjónustu svo sem námsráðgjöf og sálfræðiþjónustu þar sem það á við.
 - c) Skólarnir gera yfirlit yfir jafngildisáfanga til að auðvelda námsmat og námsval á milli skólanna.
 - d) Til að tryggja fjölbreytt námsframboð verður leitast við að kenna fámennum námshópum sameiginlega, til dæmis í efri áföngum sérgreina. Útfærsla gæti verið fjarkennsla, lotunám, kennara verði deilt, miðlun innihalds svo sem áfangalýsinga, verkefna eða kennsluefnis.
 - e) Skólarnir deila þekkingu og færni og vinna saman að símenntun og starfsþróun starfsmanna skólanna.
 - f) Skólarnir vinna sameiginlega að námsframboði og aukinni þekkingu á þjónustu við bráðgera nemendur.
 - g) Unnið verður að samræmingu skólaárs framhaldsskólanna á svæðinu.
 - h) Sérstakt þróunarverkefni verður um samstarf með framhaldsskólum í Þingeyjarsýslu og Þekkingarneti Þingeyinga.
- Í fylgisskjali er yfirlit yfir þau verkefni sem hver skóli gæti tekið að sér að hafa forystu um og leiða í samstarfi skólanna.
3. Samstarf við aðra
 - a) Samstarf Framhaldsskólans á Húsavík, Framhaldsskólans á Laugum og Þekkingarnets Þingeyinga sem verður sérstakt þróunarverkefni.
 - b) Unnið verði að formlegu samstarfi við háskóla og Þekkingarsetur á Norðurlandi með það að markmiði að auka námsframboð, efla samfelli skólastiga og hindra afturhverft rof.
 - c) Samstaf framhaldsskólanna á Eyjafjarðarsvæðinu við Síney verði formgert.
 - d) Samstarf verði áfram þróað við grunnskóla á svæðinu til að auka samfelli skólastiga og hindra afturhverft rof.

SA
Jón
Ráð rík
M

Fylgisskjal

Yfirlit yfir þau verkefni sem hver skóli gæti tekið að sér að hafa forystu um og leiða í samstarfi skólanna eftir því sem samstarfsnefnd skólanna eða ársfundur ákveða.

Menntaskólinn á Akureyri

Lotu- og/eða fjarnám í raungreinum, tungumálum og félagsgreinum.

Miðla þekkingu meðal annars um samþætta áfanga, starfendarannsókn, hraðlínus, speglaða kennslu og UT ráðgjafa.

Verkmenntaskólinn á Akureyri

Lotunám í tækni- og verkgreinum og bakhjarl fámennu skólanna í þeim greinum

Fjarnám í ýmsum bóklegum greinum.

Menntaskólinn á Tröllaskaga

Lotu- og/eða fjarnám í sérgreinum til dæmis listljósmyndun, Art/FabLab, listmálun (sértækt), útvistarfáföngum, frumkvöðlafræði, tölvuleikjafræði og fjarnám í almennum greinum án lokaprófa.

Miðla þekkingu meðal annars um dreifkennslu, speglaða kennslu, sjálfsmat skóla og hugbúnað í námi og kennslu.

Framhaldsskólinn á Húsavík


Miðla þekkingu um verkefni fyrir nýnema um „heilsumarkmiðin mín“.

Markþjálfun og núvitund.

Framhaldskólinn á Laugum

Lotu/fjar/dreifnám í íþrótttafræðum.

Miðla reynslu af samfelldum skóladegi með blöndu af fagtínum og vinnustofum; mætingaskylda. Notkun kennslukerfa, vendikennslu og fleira.



A handwritten signature in blue ink, appearing to read "Ráðgjafa".